

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI DÝRALYFS

Prazitel 230/20 mg bragðbættar filmuhúðaðar töflur fyrir ketti

2. INNIHALDSLÝSING

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur:

Virk efni:

Pýrantelembónat 230 mg af
Prazíkvantel 20 mg af

Hjálparefni:

Eigindleg samsetning óvirkra efna og hjálparefna
<u>Töflukjarni:</u>
Maíssterkja
Örkristallaður sellulósi
Krospóvídón
Magnesiumsterat
Vatnsfrí kísilkvoða
<u>Filmuhúðun</u>
Bragð af grilluðu kjöti
Opadry II hvítur sem inniheldur pólývínýlalkóhól, titantvíoxíð (E171), makrógól 3350 og talkúm (E553b)

Hvít eða beinhvít, kringlótt, tvíkúpt húðuð tafla með deiliskoru á annarri hliðinni og slétt á hinni hliðinni.

Töflunni má skipta í jafna skammta.

3. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

3.1 Dýrategundir

Kettir.

3.2 Ábendingar fyrir notkun hjá markdýrategundum

Til meðferðar við blönduðum sýkingum af völdum eftirfarandi tegunda þráðorma og bandorma í meltingarfærum:

Þráðormar: *Toxocara cati*, *Toxascaris leonina*

Bandormar: *Dipylidium caninum*, *Taenia taeniaeformis*, *Echinococcus multilocularis*.

3.3 Frábendingar

Gefið ekki kettlingum sem eru yngri en 6 vikna.

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefna.

3.4 Sérstök varnaðarorð

Flær hafa hlutverk millihýsla einnar þekkrar tegundar bandorma, *Dipylidium caninum*.

Bandormsóværa er vís til að koma fram aftur, sé ekki höfð stjórna á millihýslum, svo sem flóm, músum o.s.frv.

Ef hættu er á endurteknu sníkjudýrasmiti skal leita ráða dýralæknis varðandi þörf og tíðni endurtekinna lyfjagjafar hjá köttum. Taka skal tillit til staðbundinna faraldsfræðilegra upplýsinga og lífsskilyrða kattarins. Einnig er mikilvægt að fjarlægja hugsanlega millihýsla eins og flær og mýs.

Fram getur komið sníklaónæmi fyrir einhverjum ákveðnum flokki ormalyfja eftir tíða, endurtekna notkun ormalyfja úr þeim flokki.

3.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur við notkun hjá dýrum:

Þar sem töflurnar eru bragðbættar ætti að geyma þær á öruggum stað þar sem dýr ná ekki til.

Dýralæknir skal skoða dýr áður en dýrallyfið er gefið ef það er í slæmu ástandi eða mjög sýkt, með einkenni eins og niðurgang, uppköst, sníkjudýr í hægðum og uppköstum eða slæmu ástandi felds. Fyrir mjög veika eða mjög sýkta ketti, skal aðeins nota dýrallyfið samkvæmt ráðleggingum/áhættumati ábyrgs dýralæknis.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu dýrallyfið:

Til þess að fyllsta hreinlætis sé gætt eiga þeir sem gefa ketti töflurnar beint, eða með því að bæta þeim í kattafóðrið, að þvo hendur á eftir. Ef dýrallyfið er óvart tekið inn skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil dýrallyfsins.

Sérstakar varúðarráðstafanir til þess að vernda umhverfið

Á ekki við.

Aðrar varúðarráðstafanir:

Sullaveiki er hættuleg mönnum. Þar sem sullaveiki er tilkynningaskyld til Alþjóða Dýraheilbrigðismálastofnunarinnar (World Organisation for Animal Health (WOAH)) ber að leita sértækra leiðbeininga um meðferð, eftirfylgni og öryggi manna frá þar til bærum yfirvöldum.

3.6 Aukaverkanir

Kettir.

Mjög sjaldgæfar

Mjög sjaldgæfar (<1 dýr / 10,000 dýr meðhöndlu, þar á meðal einangruð tilfelli):	Kvillar í meltingarvegi (t.d. uppköst og/eða of mikið munnvatnslosun). Taugasjúkdómar (t.d. hreyfihömlun og vöðvaskjálfti).
--	---

Commented [1]: 'Target species' deleted

Mikilvægt er að tilkynna um aukaverkanir. Það gerir stöðugt eftirlit með öryggi dýrallyfs kleift. Skýrslur skulu sendar, helst í gegnum dýralækni, til annað hvort markaðsleyfishafa eða staðbundins fulltrúa hans eða lögbærs landsyfirvalds í gegnum innlenda tilkynningakerfið. Sjá einnig fylgiseðil fyrir viðkomandi tengiliðaupplýsingar.

3.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Meðganga og brjóstagjöf:

Ekki má nota dýrallyfið á meðgöngu en það má nota við mjólkurgjöf.

3.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Notið ekki samhliða píperazínsamböndum.

3.9 Íkomuleiðir og skammtar

Til inntöku.

Til að tryggja að réttur skammtur sé gefinn á að ákvarða líkamsþyngd eins nákvæmlega og kostur er.

Skammtar

Ráðlagður skammtur er: 20 mg/kg af pýranteli (57,5 mg/kg af pýrantelembónati) og 5 mg/kg af prazíkvanteli í einni lyfjagjöf. Þetta jafngildir 1 töflu fyrir hver 4 kg líkamsþyngdar.

Líkamsþyngd	Töflur
1,0 – 2,0 kg	½
2,1 – 4,0 kg	1
4,1 – 6,0 kg	1 ½
6,1 – 8,0 kg	2

Stakur skammtur til inntöku. Gefa á kettinum töflurnar beint, en það má fela þær í fóðri ef nauðsynlegt þykir. Við spóluormasýkingar, einkum hjá kettlingum, er ekki hægt að búast við algerri eyðingu sýkilsins svo áfram er hætta á sýkingu hjá mönnum. Því skal endurtaka meðferð með hentugu þráðormalyfi á 14 daga fresti þangað til 2-3 dögum eftir að kettlingurinn hefur verið vaninn af spena. Ef merki um sjúkdóm eru viðvarandi eða koma fram skaltu hafa samband við dýralækni.

3.10 Einkenni ofskömmtnunar (bráðameðferð og móteitur þar sem það á við)

Óþolseinkenni s.s. uppköst hafa sést eftir stærri skammta en 5 sinnum ráðlagðan skammt.

3.11 Sérstakar takmarkanir á notkun eða sérstakar forsendur fyrir notkun, þ.m.t. takmarkanir á notkun dýrallyfja gegn örverum og snikjudýrum til þess að draga úr hættu á ónæmismyndun

Á ekki við.

3.12 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Á ekki við

4. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

4.1 ATCvet flokkur :

QP52AA51

4.2 Lyfhrif

Þetta dýrallyf inniheldur ormalýf sem eru virk gegn þráð- og bandormum í meltingarfærum.

Dýrallyfið inniheldur eftirfarandi tvö virk efni:

1. Pýrantelembónat (pamóat) sem er tetrahýdrópýrímidínafleiða og
2. Prazíkvantel sem er að hluta vetnisbundin pýrazínóisókvínólínafleiða.

Pyrantel verkar sem kólínvirkur örvi. Verkunarháttur þess felst í að örva níkótín, kólínvirka-viðtaka sníkilsins, koma af stað spastískri lömun og þar með brotthvarfi þeirra úr meltingarfærum með þarmahreyfingum.

Prazíkvantel frásogast mjög hratt um yfirborð sníkilsins og dreifist um allan sníkilinn. Bæði í *in vitro* og *in vivo* rannsóknum hefur verið sýnt fram á að prazíkvantel veldur alvarlegum skemmdum á yfirborði sníkilsins sem gerir það að verkum að sníklarnir dragast saman og lamast. Vöðvar sníkilsins verða nær samstundis fyrir stjarfakrömpum og hröð frymisbólumyndun á sér stað á frymishimnu (syncytial tegument). Þessi hraði samdráttur hefur verið skýrður út frá breytingum á tvígildu katjónaflæði, einkum kalsíum.

Í þessari ákveðnu samsetningu verkar pyrantel gegn eftirtöldum spóluormum: *Toxocara cati* og *Toxascaris leonina*. Prazíkvantel verkar gegn bandormum, einkum *Dipylidium caninum* og *Taenia taeniaeformis*.

Dýrallyfið verkar gegn *Echinococcus multilocularis* þar sem það inniheldur prazíkvantel.

4.3 Lyfjahvörf

Prazíkvantel frásogast, umbrotnar og dreifist hratt um líkamann. Einnig er talið að slímhúðin seyti því aftur tilbaka í þarmana.

Eftir að dýrallyfið var gefið köttum náðist hámarksplasmaþéttni prazíkvantels á um 2 klst.

Pyrantel frásogast illa svo talið er að stór hluti skammtsins sem gefinn er verði eftir í meltingarveginum þar sem verkunin á sér stað, og er það skilið út að stórum hluta óbreytt með saur.

Eftir að dýrallyfið var gefið köttum náðist hámarksplasmaþéttni pyrantels á um 3 klst.

5. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Enginn þekktur

5.2 Geymsluþol

Geymsluþol dýrallyfsins í söluumbúðum: 5 ár.

Fargið öllum ónotuðum töflubrotum.

5.3 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður dýrallyfsins.

5.4 Gerð og samsetning innri umbúða

Dýrallyfið fæst annaðhvort í:

Stökum þynnuspjöldum úr hvíttri, ógegnsærri PVC/PE/PCTFE fjöliliðu og 20µm

hitainnsigliðu lakki/áli með 2 eða 8 töflum,

eða

stökum þynnuspjöldum úr 45µm PVC/ál pólýamíði og 20µm hitainnsigliðu lakki/áli með

2 eða 8 töflum.

Þynnuspjöldunum er pakkað í öskjur sem innihalda: 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14, 16, 18, 20, 24, 28, 30, 32, 36, 40, 42, 44, 48, 50, 52, 56, 60, 64, 68, 70, 72, 76, 80, 84, 88, 92, 96, 98, 100, 104, 106, 108, 112, 116, 120, 128, 136, 140, 144, 150, 152, 160, 168, 176, 180, 184, 192, 200, 204, 206, 208, 216, 224, 232, 240, 248, 250, 280, 300, 500 eða 1000 töflur.

Ekki er víst að allar pakkingastærðir séu markaðssettar.

5.5 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýrallyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýralyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýralyf í hverju landi.

6. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

Chanelle Pharmaceuticals Manufacturing Limited.

7. MARKAÐSLEYFISNÚMER

IS/2/14/017/01

8. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS

29.12.2014

9. DAGSETNING SÍÐUSTU ENDURSKOÐUNAR Á SAMANTEKTINNI Á EIGINLEIKUM LYFS

16. apríl 2025.

10. FLOKKUN DÝRALYFS

Dýralyfið er ávísunarskylt

Ítarlegar upplýsingar eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu: [Union Product Database \(https://medicines.health.europa.eu/veterinary\)](https://medicines.health.europa.eu/veterinary).

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEDILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

{ASKJA FYRIR PAKKNINGASTÆRÐIR MEÐ 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14, 16, 18, 20, 24, 28, 30, 32, 36, 40, 42 OG 44 TÖFLUM OG YFIR}

1. HEITI DÝRALYFS

Prazitel 230/20 mg bragðbættar filmuhúðaðar töflur

2. VIRK INNIHALDSEFNI

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 230 mg af pýrantelembónati og 20 mg af prazíkvantel.

3. PAKKNINGASTÆRÐ

2, 4, 6, 8, 10, 12, 14, 16, 18, 20, 24, 28, 30, 32, 36, 40, 42, 44, 48, 50, 52, 56, 60, 64, 68, 70, 72, 76, 80, 84, 88, 92, 96, 98, 100, 104, 106, 108, 112, 116, 120, 128, 136, 140, 144, 150, 152, 160, 168, 176, 180, 184, 192, 200, 204, 206, 208, 216, 224, 232, 240, 248, 250, 280, 300, 500 eða 1000 töflur

4. MARKDÝRATEGUNDIR

Kettir

5. ÁBENDINGAR

Til meðferðar við blönduðum sýkingum af völdum þráðorma og bandorma í meltingarfærum.

6. ÍKOMULEIÐIR

Til inntöku.

1 tafla fyrir hver 4 kg líkamsþyngdar.

7. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU**8. FYRNINGARDAGSETNING**

EXP {MM/ÁÁÁÁ}

Fargið öllum ónotuðum töflubrotum.

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI**10. VARNADARORÐIN „LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN“**

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

11. VARNADARORÐIN „DÝRALYF“

Dýralyf.

12. VARNADARORÐIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

13. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

Chanelle Pharmaceuticals Manufacturing Limited

14. MARKAÐSLEYFISNÚMER

IS/2/14/017/01

15. LOTUNÚMER

Lot {númer}

**LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á LITLUM INNRI
UMBÚÐUM
(ÞYNNUR)**

1. HEITI DÝRALYFS

Prazitel



2. MAGN VIRKRA INNIHALDSEFNA

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 230 mg af pýrantelembónati og 20 mg af prazíkvanteli.

3. LOTUNÚMER

Lot {númer}

4. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}

Farga á ónotuðum töflum.

B. FYLGISEDILL

FYLGISEDILL

1. Heiti dýrallyfs

Prazitel 230/20 mg bragðbættar filmuhúðaðar töflur

2. Innihaldslýsing

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 230 mg af pýrantelembónati og 20 mg af prazíkvanteli. Hvít eða beinhvít, kringlótt, tvíkúpt húðuð tafla með deiliskoru á annarri hliðinni og slétt á hinn hliðinni. Hægt er að skipta töflunni í tvo jafna hluta.

3. Markdýrategundir

Kettir.

4. Ábendingar fyrir notkun

Til meðferðar við blönduðum sýkingum af völdum eftirfarandi tegunda þráðorma og bandorma í meltingarfærum:

Þráðormar: *Toxocara cati*, *Toxascaris leonina*

Bandormar: *Dipylidium caninum*, *Taenia taeniaeformis*, *Echinococcus multilocularis*.

5. Frábendingar

Gefið ekki kettlingum sem eru yngri en 6 vikna.

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefnum.

6. Sérstök varnaðarorð

Sérstök varnaðarorð:

Flær hafa hlutverk millihýsla einnar þekktrar tegundar bandorma, *Dipylidium caninum*.

Bandormsóværa er vís til að koma fram aftur, sé ekki höfð stjórn á millihýslum, svo sem flóm, músum o.s.frv.

Ef hættu er á endurteknu sníkjudýrasmiti skal leita ráða dýralæknis varðandi þörf og tíðni endurtekinna lyfjagjafar hjá köttum. Taka skal tillit til staðbundinna faraldsfræðilegra upplýsinga og lífsskilyrða kattarins. Einnig er mikilvægt að fjarlægja hugsanlega millihýsla eins og flær og mýs.

Fram getur komið sníklaónæmi fyrir einhverjum ákveðnum flokki ormalyfja eftir tíða, endurtekna notkun ormalyfja úr þeim flokki.

Sérstakar varúðarreglur við notkun hjá dýrum:

Þar sem töflurnar eru bragðbættar ætti að geyma þær á öruggum stað þar sem dýr ná ekki til. Dýralæknir skal skoða dýr áður en dýrallyfið er gefið ef það er í slæmu ástandi eða mjög sýkt, með einkennum eins og niðurgang, uppköst, sníkjudýr í hægðum og uppköstum eða slæmu ástandi felds. Fyrir mjög veika eða mjög sýkta ketti, skal aðeins nota dýrallyfið samkvæmt ráðleggingum/áhættumati ábyrgs dýralæknis.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Til þess að fyllsta hreinlætis sé gætt eiga þeir sem gefa ketti töflurnar beint, eða með því að bæta þeim í kattafóðrið, að þvo hendur á eftir. Ef dýrallyfið er óvart tekið inn skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil dýrallyfsins.

Aðrar varúðarráðstafanir:

Sullaveiki er hættuleg mönnum. Þar sem sullaveiki er tilkynningaskyld til Alþjóða Dýraheilbrigðismálastofnunarinnar (World Organisation for Animal Health (WOAH)) ber að leita sértækra leiðbeininga um meðferð, eftirfylgni og öryggi manna frá þar til bærum yfirvöldum.

Meðganga og brjóstagjöf:

Ekki má nota dýrallyfið á meðgöngu en það má nota við brjóstagjöf.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir:

Notið ekki samhliða píperazínsamböndum.

Ofskömmtnun:

Óþolseinkenni s.s. uppköst hafa sést eftir stærri skammta en 5 sinnum ráðlagðan skammt.

Other precautions:

Echinococcosis represents a hazard for humans. As Echinococcosis is a notifiable disease to the World Organisation for Animal Health (OIE), specific guidelines on the treatment and follow-up, and on the safeguard of persons, need to be obtained from the relevant competent authority.

7. Aukaverkanir

Kettir.

Mjög sjaldgæfar (<1 dýr / 10,000 dýr meðhöndlu, þar á meðal einangruð tilfelli):	Kvillar í meltingarvegi (t.d. uppköst og/eða of mikið munnvatnslosun). Taugasjúkdómar (t.d. hreyfihömlun (vanhnitun) og vöðvaskjálfti).
--	---

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýrallyfsins. Byrja skal á að gera dýralækni viðvart ef vart verður einhverra aukaverkana, jafnvel aukaverkana sem eru ekki tilgreindar í fylgiseðlinum, eða ef svo virðist sem lyfið hafi ekki tilætluð áhrif. Það er líka hægt að tilkynna aukaverkanir til markaðsleyfishafans eða fulltrúa hans með því að nota upplýsingar um tengiliði sem eru aftast í fylgiseðlinum eða gegnum tilkynningakerfi lyfjafirvalda, www.lyfjastofnun.is

8. Skammtar fyrir hverja dýrategund, íkomuleiðir og aðferð við lyfjagjöf

Til inntöku.

Skammtar

Ráðlagður skammtur er: 20 mg/kg af pýranteli (57,5 mg/kg af pýrantelembónati) og 5 mg/kg af prazíkvanteli í einni lyfjagjöf. Þetta jafngildir 1 töflu fyrir hver 4 kg líkamsþyngdar.

Líkamsþyngd	Töflur
1,0 – 2,0 kg	½
2,1 – 4,0 kg	1
4,1 – 6,0 kg	1 ½
6,1 – 8,0 kg	2

Gefa á kettinum töflurnar beint, en það má fela þær í fóðri ef nauðsynlegt þykir. Við spóluormasýkingar, einkum hjá kettlingum, er ekki hægt að búast við algerri eyðingu sýkilsins svo áfram er hætta á sýkingu hjá mönnum. Því skal endurtaka meðferð með hentugu þráðormalyfi á 14 daga fresti þangað til 2-3 dögum eftir að kettlingurinn hefur verið vaninn af spena. Ef merki um sjúkdóm eru viðvarandi eða koma fram skaltu hafa samband við dýralækni.

9. Leiðbeiningar um rétta lyfjagjöf

Til að tryggja að réttur skammtur sé gefinn á að ákvarða líkamsþyngd eins nákvæmlega og kostur er.

10. Biðtími fyrir afurðanýtingu.

Á ekki við.

11. Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Farga skal ónotuðum töflubrotum.

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður dýralyfsins.>

Ekki skal nota þetta dýralyf eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á þynnuspjaldinu og óskjunni á eftir Exp. Fyrningardagsetning vísar til síðasta dags þess mánaðar.

12. Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir

Ónotuðum dýralyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á í hverju landi. Markmiðið er að vernda umhverfið.

Leitið ráða hjá dýralækni eða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota.

13. Flokkun dýralyfsins

Dýralyfið er ávísunarskylt

14. Markaðsleyfisnúmer og pakkningastærðir

IS/2/14/017/01

Þynnuspjöld eru í óskjum sem innihalda: 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14, 16, 18, 20, 24, 28, 30, 32, 36, 40, 42, 44, 48, 50, 52, 56, 60, 64, 68, 70, 72, 76, 80, 84, 88, 92, 96, 98, 100, 104, 106, 108, 112, 116, 120, 128, 136, 140, 144, 150, 152, 160, 168, 176, 180, 184, 192, 200, 204, 206, 208, 216, 224, 232, 240, 248, 250, 280, 300, 500 or 1000 tablets-2, 4, 6, 8, 10, 12, 14, 16, 18, 20, 24, 28, 30, 32, 36, 40, 42, 44, 48, 50, 52, 56, 60, 64, 68, 70, 72, 76, 80, 84, 88, 92, 96, 98, 100, 104, 106, 108, 112, 116, 120, 128, 136, 140, 144, 150, 152, 160, 168, 176, 180, 184, 192, 200, 204, 206, 208, 216, 224, 232, 240, 248, 250, 280, 300, 500 eða 1000 töflur.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

15. Dagsetning síðustu endurskoðunar fylgiseðilsins

04/2025

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar í gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf [Union Product Database](https://medicines.health.europa.eu/veterinary) (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

16. Tengiliðaupplýsingar

Markaðsleyfishafi og framleiðandi framleiðandi sem er ábyrgur fyrir lokasamþykkt og tengiliðaupplýsingar til þess að tilkynna grun um aukaverkanir:

Chanelle Pharmaceuticals Manufacturing Limited.
Loughrea,
Co. Galway,
Ireland.
Telephone: +353 (0)91 841788
vetpharmacoviggroup@chanellegroup.ie

Hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa á hverjum stað ef óskað er upplýsinga um lyfið.